



## Sumarstörf 2020

### Dagdvöl aldraðra

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar auglýsir eftir sumarstarfsmönnum í dagdvöl aldraðra. Unnið er í dagvinnu og er tímabil ráðningar frá byrjun júní til ágústloka. Sveigjanleiki er í boði varðandi starfshlutfall (50%-100% starfshlutfall) og starfstíma.

#### Starfssvið:

Starfsmaður vinnur eftir daglegu skipulagi Dagdvalar í samráði við forstöðumann og samstarfsfólk. Starfsmaður styður dvalargesti til sjálfstæðis og sjálfræðis, ásamt því að efla færni og sjálfsbjargargetu heima og í dagdvöl. Starfsmaður eflir, leiðbeinir og hvetur dvalargesti við athafnir daglegs lífs, s.s. persónulega umhirðu og aðstoðar við sund, böðun og á matmálistímum. Starfsmaður hvetur og eflir dagdvalargesti til þátttöku í starfsemi dagdvalar, líkt og hópastarfi, samverustundum, upplestri, söng, leikfimi, sundi, gönguferðum o.s.frv.

#### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Almenn tölvuþekking og færni.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Skilyrði er að umsækjendur tali og skilji vel íslensku.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, háttvísi og kurteisi.
- Jákvæðni, starfsgleði, frumkvæði og sveigjanleiki.
- Samvirkusemi og stundvísi.
- Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri.
- Hreint sakavottorð.

## Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2020

#### Nánari upplýsingar um störfin veitir:

Stefanía Sif Traustadóttir, forstöðumaður, í síma 453-5909 / 692-5909 eða stefaniast@skagafjordur.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Um er að ræða starfsheitið starfsmaður við dagvist aldraðra.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störf í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is) (laus störf). Með umsókn skal fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við fólk sem að staðaldri þarf eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs til að geta búið áfram heima eins lengi og kostur er.*

*Dagdvölin er til húsa í Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks en er rekin af Sveitarfélaginu Skagafirði. Opið er alla virka daga frá kl. 08:30 – 15:30. Þar er boðið upp á ýmiskonar afþreyingu s.s. sund og æfingar í Endurhæfingarstöð HSN, föndur og spil.*